

Reykjavík 12. des. 2003

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík.

Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.


Á fundi með sjávarútvegsnefnd Alþingis í gærkvöldi lýsti formaður SF. yfir andstöðu samtakanna við frumvarp sjávarútvegsráðherra, ekki síst hvað varðar áform um línuvilknum. Í þessu sambandi var einkum vísað til samþykktar aðalfundar SF 3. október sl., þar sem lýst var andstöðu við öllum hugmyndum stjórnvalda sem miða að því að raska stöðugleika við úthlutun aflaheimilda. Verði frumvarp sjávarútvegs-ráðherra að lögum mun það leiða til tilflutnings aflaheimilda á milli útgerðarflokka og byggðarlaga, trufla markaðsstarf sjávarútvegsfyrirtækja og grafa undan starfsöryggi í greininni

Nái frumvarpið fram að ganga, leysir það engan vanda, en mun aftur á móti skapa mörg vandamál og auka um leið sókn fiskiskipa í línuveiðar vegna línuvilkunar og leiða til óhagstæðar fjárfestingar vegna línuúthalds.

Samtök fiskvinnslustöðva skora á sjávarútvegsráðhera að draga frumvarpið nú þegar til baka og taka upp viðræður við hagsmunaaðila með hvaða hætti hægt verði að gjörbreyta frumvarpinu. Með þeim hætti skapast möguleikar að takmarka þá röskun og þann skaða sem frumvarpið hefði annars skapað í íslenskum sjávarútvegi.

Virðingarfyllst,

Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva


Arnar Sigurmundsson, form.